

NORÐLENSKA OG BÚSÆLD

Fréttabréf
Maí 2013

MUNIÐ HEIMASÍÐUNA - WWW.NORÐLENSKA.IS



Jóhanna Kristín Arnþórsdóttir frá Dæli í Skíðadal. Þau Óskar formaður Búsældar hafa ekki farið varhluta af snjónum í vetur frekar en aðrir bændur.

„Náttúruhamfarir“

„Þetta hefur verið hálf skrautlegt alveg síðan í október. Sauðburður er kominn á fullt en menn koma engu fé út eins og er. En það kemur alltaf betri tíð með blóm í haga,“ segir Óskar Gunnarsson á Dæli í Skíðadal, formaður Búsældar. Óskar er fyrst og fremst kúabóndi en er byrjaður með fé á ný eftir niðurskurð vegna riðu fyrir nokkrum árum. Er með einar 50 ær.

Kal mjög líklegt

„Ég held að menn þurfi að fara alveg aftur til 1995 til að sjá sambærilegt magn af snjó. Enginn veit almennilega hvernig tún verða, mér finnst líklegt að kal sé niðri í sveitinni þar sem er minni snjór og maður sér að er svell, og því hætta á að klakinn sé mikill.“

Geir Árdal bóndi á Dæli í Fnjóskadal og stjórnarmaður í Norðlenka, hefur svipaða sögu að segja og Óskar. „Hér er allt á kafi og hefur verið í vetur. Þetta er



Klakinn í og við Fnjóská er gríðarmikill í vetur.

alveg svakalegt, það eru komnar smá doppur í túnin á hæstu hæðum þar sem snjó tekur alltaf fyrst, en þetta lítur ekki vel út. Það er klaki alls staðar undir snjónum og sums staðar í sveitunum hér fyrir austan eru menn mjög svartsýnir.“

Gríðarlegur snjór var líka í sveitinni árið 1995, eins og annars staðar á Norðurlandi, en Geir segir þó ekki líku saman að jafna. „Snjórinn þá var jafnvel meiri á þessum árstíma en þá kom hann allur

eftir áramót og var tiltölulega fljótur að fara. Nú byrjaði að snjóa í haust og hefur aldrei tekið upp. Snjórinn er svo þykkur að hann verður lengi að fara.“

Geir segir bændur í sveitinni almennt orðna heytaepa og séu því að reyna að útvega sér hey þessa dagana. „Það er dýrt, sérstaklega þegar þarf að flytja það að sunnan. Og ef ekki verður góður heyskapur í sumar verða menn ekki í góðum málum næsta vetur. Menn áttu fyrningar en nú hafa komið tvö slæm ár þannig að mjög hefur gengið á þær.“

Agalegt tíðarfar

Geir segir erfitt hafa verið fyrir bændur að panta áburð í vetur því enginn geti gert sér grein fyrir því hve mikið þurfi að endurrækta. Það gætu orðið meira og minna öll tún sums staðar. „Tíðarfarir í vetur hefur verið agalegt. Það er auðvitað ekkert annað en náttúruhamfarir.“



Einn innleggjenda, Ásvaldur Þormóðsson, á Stórutjörnum í Ljósavatnsskarði, í réttinni á Húsavík.



2,8% greitt á allt innlegg

Stjórn Norðlenska ákvað í mars að greiða bændum 2,8% uppbót á allt innlegg ársins 2012. Það átti við um allar búgreinar þannig að allir bændur sem leggja inn hjá Norðlenska fengu greitt.

„Bændur, innleggjendur, sem flestir eru hluthafar í félaginu, eiga sinn þátt í næst besta árangri Norðlenska frá upphafi og með því að greiða þeim uppbót erum við að sýna þeim þakklættisvott fyrir þeirra framlag,“ sagði Sigmundur E. Ófeigsson framkvæmdastjóri Norðlenska.

2012 var næst besta rekstrarár Norðlenska

Rekstur Norðlenska gekk vel í fyrra og 2012 er raunar næst besta rekstrarár félagsins frá upphafi. Ársvelta félagsins var tæpir 4,7 milljarðar króna og jókst um rúm 3,1% á milli ára. Hagnaður ársins var 188,5 milljón króna og eigið fé Norðlenska er 508,4 milljónir króna. Á aðalfundi félagsins var samþykkt að greiða eigandanum, Búsæld ehf., félagi 525 bænda, 15 milljónir í arð.

- Ársvelta Norðlenska í fyrra var tæpir 4,7 milljarðar kr. og jókst um rúm 3,1% á milli ára. Hagnaður ársins var 188,5 milljónir og eigið fé 508,4 milljónir króna.
- Heildar eignir Norðlenska voru í árslok 2.882,8 milljónir króna.
- Eigið fé í árslok var 508,4 milljónir kr. en var 385,9 m.kr í lok árs 2011.
- EBIDTA ársins varð 325,4 milljónir kr. en var 388,3 milljónir árið áður.
- Vaxtaberandi skuldir hafa hækkað um 224,4 milljónir kr. á milli ára.

Margir þættir lögðu grunninn að góðu uppgjöri félagsins.

Hagnaður ársins er m.a. til kominn vegna sterkar stöðu á innanlandsmarkaði, en vörur og vörumerki Norðlenska njóta mjög mikilla vinsælda hjá neytendum. Markvisst hefur verið unnið



Sigmundur E. Ófeigsson framkvæmdastjóri.

að því að gæta aðhalds, og segja má að vinna síðustu ára við hagræðingu hafi skilað sér í uppgjöri ársins 2012. Fyrirtækið er nú í ágætri stöðu. Ljóst er að eigendur og starfsfólk geta verið

stoltir af góðu fyrirtæki.

Að sögn Sigmundar Ófeigssonar, framkvæmdastjóra Norðlenska, var reksturinn ágætur framan af ári, m.a. vegna góðrar stöðu á innanlandsmarkaði. Á sama tíma fékkst viðunandi verð fyrir kjöt erlendis, það lækkaði þó er á árið leið og þá virtist innanlandsmarkaðurinn gefa eftir; sala var heldur minni en reiknað var með og ódýrari vörur seldust meira en þær dýrari.

Markaðir fyrir gærur versnuðu verulega og verð lækkaði mikið. Verð fyrir hinar ýmsu aukaafurðir var hins vegar mjög gott á árinu, fyrirtækið hefur lagt aukna áherslu á að fullnýta sláturgripi, aukaafurðir eru allar fluttar út og skiluðu þau viðskipti góðum hagnaði.

Stjórn Norðlenska er óbreytt að loknum aðalfundi, skipuð eftirtöldum:

Heiðrún Jónsdóttir, Garðabæ, stjórnarformaður, Ingvi Stefánsson, Teigi, varaformaður, Geir Árdal, Dæli, ritari, Aðalsteinn Jónsson, Klausturseli, meðstjórnandi og Sigríður Elín Sigfúsdóttir, Reykjavík, meðstjórnandi.

Varamenn eru: Óskar Gunnarsson, Dæli Skíðadal, Gróa Jóhannsdóttir, Hlíðarenda og Jón Benediktsson, Auðnum.

Lofaði að segja ekki frá hvernig er hinum megin!

Sigurður Samúelsson segist tvisvar hafa farið „yfir“ í haust þegar hann lenti í hjartastoppi í vinnslusal Norðlenska á Húsavík. „Ég hef verið spurður að því hvernig hafi verið hinum megin en svarað því þannig, að ég tók loforð um að segja ekki neitt um það. Ég læt þar við sitja,“ segir Sigurður.

Hann er óendanlega þakklátur þeim sem björguðu honum, Grétari Guðmundssyni og Steingrími Stefánssyni, og öðrum sem að málinu komu. Einnig þakkar hann Norðlenska mjög fyrir hve vel fyrirtækið hefur stutt við bakið á honum og fjölskyldunni í kjölfar veikindanna. Sigurður kom til fullrar vinnu aftur í byrjun árs og segist hress.

Lán í óláni

„Eftir á að hyggja fór ég að finna fyrir sjóntruflunum fyrir um það bil tveimur árum, og takttruflun á hjartslætti. Það ágerðist en ég hafði engar áhyggjur af því fyrr en undir það síðasta,“ segir Sigurður.

Á sunnudegi í byrjun október í fyrra fann Sigurður fyrir sjóntruflunum og að hjartslátturinn varð hraðari, og aftur morguninn eftir. „Þá talaði ég við lækni og fór í skoðun, en fór svo aftur í vinnu. Á miðvikudegi var ég með brjóstverk og talaði við lækinn símleiðis en ekkert meira varð úr en það samtali. Það var svo rétt fyrir klukkan 10 á föstudagsmorgninum, þegar ég stóð við vinnslulínuna og beið eftir skrokki sem ég þurfti að saga skanka af, að ég fann mikinn verk í tvær til þrjár sekúndur.“

Hann fór þá í hjartastopp, missti meðvitund og datt á gólfið en man ekki meir fyrr en hann kom aftur til meðvitundar, heyrði raddir og sá fólk á spani í kringum sig.

Grétar og Steingrímur unnu mikið afrek og björguðu lífi Sigurðar, eins og greint er frá aftast í fréttabréfinu.

„Þetta gat ekki gerst á betri stað því Grétar var bara nokkra metra frá mér. Hann er í hjálparsveitinni og kann því til verka. Steingrímur, sem líka er í björgunarsveit, var niðri í banaklefa en kom upp í sal akkúrat þegar þetta gerðist og heyrði að eitthvað var að. Þeir byrjuðu fyrstu líffunartilraunir og svo var hringt í lögreglu og sjúkrahil og sjúkraliðar voru komnir eftir um það bil fimm mínútur.“

Leiðin lá fyrst á sjúkrahúsið á Húsavík



Sigurður Samúelsson skaust yfir um og til baka í haust - tvisvar. Hann er orðinn hress á ný.

og þaðan í sjúkraflug suður á Landspítala. „Þetta gerðist allt mjög hratt og ég var kominn í hjartaþræðingu innan við tveimur tímum seinna. Starfsfólkið á hjartagáttinni fyrir sunnan skildi ekki að þetta væri hægt á svona stuttum tíma!“

Innilega þakklátur

Sigurður fór beint í hjartaþræðingu við komuna til Reykjavíkur þar sem kom í ljós að vinstri slagæð við hjarta var nánast lokuð. Aðgerðin gekk að óskum og leið Sigurði mjög vel á eftir að eigin sögn.

Sigurður var fimm vikur fyrir sunnan. Hann byrjaði strax í endurhæfingu sem gekk vel en vegna gáttaflökts var ákveðið að setja í hann bæði bjarg- og gangráð. Sú aðgerð var 6. nóvember og að því loknu mátti hann ekkert gera í fjórar vikur. „Ég beið eftir því að mega byrja að vinna og gat mætt aftur til starfa í byrjun desember, var þá hálfan daginn en fór að vinna allan daginn aftur eftir að ég kom

vel út úr þrekprófi í byrjun janúar.“

Sigurður var viðstaddur athöfn þegar Rauði krossinn heiðraði Grétar og Steingrím og var mjög ánægður með það. „Ég var svo heppinn að Rauða krossinn bauð mér að vera viðstaddur. Ég var búinn að hitta annan þeirra og þakka honum fyrir en hinn hitti ég í fyrsta skipti frá því ég veiktist, þegar þeir voru heiðraðir. Ég held ég hafi þakkað þeim fyrir í hvert skipti sem ég yrti á þá! Ég gat ekki annað. Ég er líka innilega þakklátur forráðamönnum Norðlenska fyrir allan stuðninginn. Þeir voru mjög rausnarlegir og það kom aldrei neitt annað til greina í þeirra huga en að ég tæki mér bara þann tíma sem ég þyrfti til að jafna mig.“

Sigurður vill nota tækifærið og koma jafnframt á framfæri þakklæti sínu til vinnufélaga og allra þeirra sem aðstoðuðu og hugsuðu til hans á þessum tíma. Það hafi verið ómetanlegt og haft mikið að segja hversu vel allt fór á endanum.



Frá fundi Norðlenska og Búsældar með bændum á Kirkjubæjarklaustri í vetur. Á myndinni eru, frá vinstri, Margrét og Páll frá Mýri í Álftaveri, Svana og Gottsveinn frá Holti í Álftaveri og Bergur frá Kálfafelli.

Búsæld fær 15 milljónir í arð

Fjárhæðinni varið til hækkunar á eigin fé félagsins. Uppgreiðslu langtímalána flýtt

Hagnaður varð af rekstri Búsældar á árinu 2012, að upphæð 169 milljónir króna, og eigið fé félagsins í árslok var 414 millj. Eiginfjárhlutfall er 80%. Þetta kom fram á aðalfundi Búsældar í Álftheimum á Borgarfirði eystra 9. apríl.

Greitt var aukalega inn á höfuðstól langtímalána félagsins um síðustu áramót, 10 milljónir króna, og eru heildar skuldir félagsins 97 milljónir.

Í skýrslu formanns á aðalfundinum kom fram að hluthafar félagsins voru um síðustu áramót 524, og hefur aðeins fækkað á milli ára. Innborgað hlutfé á árinu var 40 milljónir kr. og innleyst hlutfé 32 milljónir. Hlutfé í árslok er 339 milljónir.

Á aðalfundi Norðlenska 1. mars samþykkti stjórn fyrirtækisins að greiða eiganda félagsins, Búsæld, 15 milljónir króna í arð og verður sú fjárhæð færð til hækkunar á eigin fé félagsins. Ekki verður greiddur arður til hluthafa á árinu 2013, en stjórn Búsældar leggur áherslu á að reyna að flýta uppgreiðslu langtíma-

lána félagsins. Stjórn Búsældar hefur sett upp reiknilíkan til að meta virði hlutfjár félagsins, með viðurkenndum reikniaðferðum, og var gengi hlutfjár á árinu 2012 samkvæmt því 1,8. Stjórn hefur nú samþykkt, að gengi hlutfjár á árinu 2013 verði 1,5, sem gildir bæði við inngreiðslu og innlausn hlutfjár. Breytingin skýrist af því að afkoma Norðlenska var ekki eins góð árið 2012 eins og fyrra ár.

Þá ákvað stjórn Búsældar að hlutfjárframlag félagsmanna til félagsins á árinu 2013 verður 1,5 % af innleggi.

Á aðalfundinum var stjórn félagsins endurkjörin en hana skipa Aðalsteinn Jónsson Klausturseli, Ingvi Stefánsson Teigi, Geir Árdal Dæli Fnjóskadal, Jón Benediktsson Auðnum og Óskar Gunnarsson Dæli Skíðadal.

Í varastjórn eru Sigurbjörn Snæþórs-son Gilsárteigi, Gróa Jóhannsdóttir Hlíðarenda, Sigurbjörn Karlsson Smyrla-björgum og Heiða Guðný Ásgeirsdóttir Ljótarstöðum.

Tveir voru heidraðir á 112 daginn

Tveir starfsmenn Norðlenska, Grétar Guðmundsson og Steingrímur Stefánsson, björguðu vinnufélaga sínum Sigurði Samúelssyni þegar hann fór í hjarta-stopp sl. haust og hlutu fyrir það afrek viðurkenningu frá Rauða krossinum í tilefni 112 dagsins, fyrr á árinu.

Á heimasíðu Rauða krossins var atvikinu lýst svo:

Sigurður var við vinnu sem verkstjóri í sauðfjárláturtíð á Húsavík 5. október 2012 þegar hann fór í hjartastopp og féll í gólfið. Grétar heyrði skyndilega óskur í vinnusalnum og gerði sér strax grein fyrir því að eitthvað var að gerast. Hann hleypur á vettvang og sér þá Sigurð liggjandi á gólfinu, og að hann er farinn að blána. Grétar byrjar strax endurlífgun með hjartahnoði ásamt vinnufélaga sínum Steingrími S. Stefánssyni. Á meðan á endurlífguninni stendur virðist Sigurður detta inn annað slagið.

Mjög erfiðar aðstæður

Aðstæður á vettvangi voru mjög erfiðar vegna þrængsla og bleytu en þeir Grétar og Steingrímur héldu áfram að hnoða þar til hjálp barst frá lögreglu og sjúkraliði. Sigurði voru svo gefin tvö hjartastuð, og komst fljótlega í gang aftur. Grétar gekk svo í það að rýma til á vettvangi, færa til skrokka og biðja fólk að víkja, svo bera mætti Sigurð út af staðnum í sjúkrahúsið. Óhætt er að segja að þeir félagar björguðu lífi Sigurðar með viðbrögðum sínum.

Ítarlegt viðtal birtist við Sigurð á heimasíðu Norðlenska fyrir nokkru. Lesa má viðtalið annars staðar í þessu fréttabéfi.



Á 112 daginn. Frá vinstri, Guðný Bergvinsdóttir frá Rauða krossinum, vinnufélagarnir Grétar Guðmundsson, Steingrímur Stefánsson og Sigurður Samúelsson, og Jón Knutsen frá Rauða krossinum. Þetta var í fyrsta skipti sem Sigurður hitti bjargvættina saman frá deginum örlagaríka er þeir björguðu lífi hans.